Alþingi
Erindi nr. Þ 136/1210
komudagur 11.3.2009

Fjármálaráðuneytið, 11. mars 2009.

Tillaga vegna frumvarps dmrh. um breytingu á lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (bætt staða skuldara); þskj. 554 - 322. mál.

1. Vextir.
Í frumvarpinu er lagt til að á meðan á uppboðsmeðferð stendur beri viðkomandi krafa ekki dráttarvexti heldur þá vexti sem hún hefði "ella borið". Skattkröfur bera enga aðra vexti en dráttarvexti og ljóst er því að slíkt fyrirkomulag skapar mikið ójafnræði milli skuldara skattkrafna. Þannig gæti myndast "óeðlileg eftirspurn" eftir gjaldþrotameðferð gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs í þeim eina tilgangi að komast hjá dráttarvaxtareikningi.

Lagt er til í fyrsta lagi að í ákvæði til bráðabirgða við lög um nauðungarsölu sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins, á eftir orðunum "skulu kröfur", komi orðin *"aðrar en skattkröfur"*.

Í öðru lagi er lagt til að við frumvarpið bætist nýr kafli, IV. kafli, til breytingar á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sem bæti við lögin eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:
„Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu dráttarvextir sem leggjast á skattkröfur nema fimmtán hundraðshlutum á ársgrundvelli frá og með 1. apríl til og með 31. desember 2009."

Tillagan felur í sér að dráttarvextir af skattkröfum verði lækkaðir sérstaklega, þ.e. úr 25% eins og þeir eru í dag í 15%. Lækkun sem þessi myndi hafa verulega þýðingu fyrir aðila sem eru í vanskilum með skattkröfur og kæmi öllum til góða óháð því hvar í innheimtuferlinu krafan er stödd.

2. Fyrning.
Í frumvarpinu er lagt til að allar kröfur fái 2 ára fyrningarfrest frá kröfulýsingardegi eða skiptalokum við gjaldþrotaskipti. Mörg dæmi eru um að gjaldþrotaskiptameðferð taki meira en 2 ár og ákvæði 6. gr. frumvarpsins um að heimila megi skuldara að búa áfram í húsnæði sínu í 1 ár er til þess fallið að fjölga slíkum tilfellum. Reglan getur því orðið til þess að kröfur fyrnist áður en gjaldþrotaskiptum er lokið.

Lagt er til að í málsliðnum sem gert er ráð fyrir skv. 5. gr. frumvarpsins að bætist við 2. mgr. 165. gr. komi á eftir orðunum "Sá fyrningarfrestur er tvö ár" komið orðin *"fyrir aðrar kröfur en skattkröfur"*.

Skattskuldir eru meðal þeirra krafna sem fyrnast á 4 árum skv. lögum um fyrningu og lagt er til að sá frestur verði óbreyttur.